

Sp.

388. Tillaga til þingsályktunar

[193. mál]

um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta rannsaka, með hverjum hætti sé unnt að hraða rekstri og afgreiðslu dómsmála hér á landi, og gera síðan að rannsókn lokinni viðeigandi ráðstafanir eða leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Þess hefur lengi gætt hér á landi, að óhæfilegur dráttur yrði á meðferð dómsmála. Hefur meðferð eins og sama máls oft staðið yfir árum saman, áður en endanlegur dómur fékkst. Slik málsmeðferð hefur í för með sér tilfinnanlegt tjón og óhagræði fyrir aðila og er dómstólum til álitshnekkis. Áður fyrr mátti að nokkru leyti rekja þessa ágalla á dómsmálameðferðinni til þess, að hér var lengi búið við gamlar, ófullkomnar og úreltar réttarfarsreglur. Á síðustu áratugum hefur farið fram gagnger endurskoðun réttarfarslögjafarinnar, og hefur sú endurskoðun meðal annars leitt til þess, að sett hafa verið ný lög um meðferð einkamála í héraði, um meðferð opinberra mála og um hæstarétt. Með þessum nýju lögum var ráðin bót á ýmsum annmörkum réttarfarsins, og má fullyrða, að þau hafi leitt til ýmissa umbóta varðandi dómsmálameðferð.

Þessi nýju lög áttu meðal annars að stuðla að greiðari rannsókn og meðferð máls fyrir dómi og koma í veg fyrir, að mál drægjust jafnóhæfilega á langinn og áður átti sér stað. Vafalaust hefur orðið talsverð breyting til batnaðar í þessu efni eftir setningu hinna nýju réttarfarslaga. Málsmeðferðin almennt er tvímælalaust greiðari en áður fyrr. Samt sem áður skortir enn allmikið á, að dómgæzlan sé að þessu leyti til komin í viðunandi horf. Dómsmál dragast enn allt of oft óhæfilega lengi. Á það bæði við um einkamál og opinber mál, enda þótt sumir málaflokkar gangi yfirleitt greiðlega og með eðlilegum hraða. Sjálfsagt er og þetta eitthvað mismunandi í hinum einstöku lögsagnarumdæmum, enda fjöldi dómsmálanna þar mjög mismunandi. Eigi að síður er það staðreynd, að enn er oft mikill seinagangur á málarekstri. Það mun engan veginn ótítt, að málsmeðferð fyrir héraðsdómi standi yfir svo að árum skipti. Þegar svo við bætist málsmeðferð fyrir hæstarétti, þá er ljóst, að menn geta þurft að bíða alllengi eftir endanlegum dómi um mál sín. Hér þarf að finna ráð til úrbóta. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.